

30. apríl 1971.

141

Nr. 65.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 67 29. júní 1932 um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Við 1. mgr. 3. gr. bætist: Uppsögn skal ætíð miða við 1. janúar.

2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:

Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr., kemur ný grein, sem verður 14. gr., svo hljóðandi:

Eigendur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja eru skyldir til þess að tryggja ökutæki sín fyrir eitt ár í senn frá 1. janúar til 31. desember, og greiðist iðgjaldið fyrirfram fyrir allt tryggingartímabilið. Ef nýtt ökutæki er tryggt á árinu, skal það tryggt til 31. desember næstan á eftir, þannig að tryggingartímabil allra ökutækja miðist við almanaksárið. Ráðherra getur þó heimilað, að ökutæki séu tryggð í skemmri tíma en eitt ár.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 79. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. maí 1971.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 48 23. febrúar 1944 og nr. 63 3. maí 1947.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1971.

Auður Auðuns.

Baldur Möller.

6. apríl 1971.

Nr. 66.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi skólaárið 1971—1972.

1. Við ákvörðun um stundaskrá skyldunámsins skólaárið 1971—1972 skal miða við eftirfarandi ramma, er tilgreinir þann meðalfjölda kennslustunda, sem hver nemandi skal fá á viku hverri.

B 19

2. Stundaskráin miðast við, að lengd hverrar kennslustundar verði að meðaltali 40 mínútur í barnaskóla, þ. e. 1.—6. bekk, og 45 mínútur í unglingaskóla, þ. e. 7.—8. bekk.
3. Neðangreindur stundaskrárramma kemur í stað stundataflna á bls. 82—83 í Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, útgefinni af menntamálaráðuneytinu 1960.
4. Um frávík frá því, sem tilgreint er í stundaskrárramma, gilda ákvæði Námskrár fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt sérstakar undanþágur eða frávíkshemildir, ef rökstuddar óskir berast um slíkt.

Skipting stundaskrár.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8. bekkur
Íslenzka (þ. á m. lestur)	10	10	11	7	7	7	5	5
Skrift				3	2	2	1	
Reikningur/stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	5
Áttthagafræði	3	5	3					
Kristin fræði				2	2	2	2	
Saga- og félagsfræði				2	2	1½	2	2
Landfræði				2	2	1½	2	2
Líffræði/náttúrufræði				2(3) ¹	1½	1½	2	2
Eðlis- og efnafræði					1½	1½	2	2
Danska					(2) ¹	3	4	4
Enska								5
Tónmennt (þ. á m. söngur)			1	1	1	1	1	1
Handavinna			2	2	2	3	2-4	2-4
Teiknun				2	2	2	2	2
Heimilisfræði (þ. á m. matreiðsla)							0-4	0-4
Íþróttir ²)	2	2	2	3	3	3	3	3
Til ráðstöfunar	1	1	1	1	1	1	1	1
Vikulegar kennslustundir alls á hvern nemanda	20	22	24	31	32	35	34	36
				(31) ¹	(33) ¹			

Skýringar: 1) Svigar () merkja val skóla og eiga við nýtt námsefni í hlutaðeigandi greinum.
2) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

Menntamálaráðuneytið, 6. apríl 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.